# FARG UFUR

## Skýr ferill fyrir rekstur fargufa og afnot af borgarlandi



Rebekka Guðmundsdóttir
Deild Borgarhönnunar

Umhverfis- og skipulagsráð
01. júlí 2026

# Afhverju ferill?

- Ferlið var ekki nægilega skýrt
- Umsækjendur vissu ekki hvar ætti að leita
- Umsóknir um afnot fyrir fargufur fóru á milli skrifstofa
- Fargufur án leyfa víða í borgarlandi
- Óskýrt hvar mætti heimila fargufur við ströndina, því fargufur tengjast of beint sjósundi og víða ekki æskilegt að stunda sjósund.
- Ferill unnin í samtarfi við HER.

*Við sáum tækifæri á að  bjóða upp á einfaldan og skýran feril til að bjóða bestu mögulegu þjónustuna fyrir umsækjendur*



# Markmið

*„Markmið verkefnisins var að gera umsóknarferlið um leyfi fyrir afnotum af borgarlandi skýrara, samræmdara og einfaldara. Við höfum kortlagt ferlið frá upphafi til enda, skilgreint ábyrgð á hverju stigi og sett fram verklag sem auðveldar bæði umsækjendum og starfsfólki að vinna málin á samræmdan hátt.“*

- Skýr ferill og skýr ábyrgð
- Einfalt umsóknarferli
- Gagnsæi
- Stuttur afgreiðslutími
- Góð þjónusta við umsækjendur
- Auka vægi haftengdrar upplifunar í Reykajvík
- Vera leiðandi. Ferill nýtist öðrum sveitarfélögum á landinu.



# Ferillinn

- Ný vefsíða: reykjavik.is/fargufa, birtum hana í dag!
- Skýrar upplýsingar um ferillinn, hver leiðin er til að sækja um að vera með fargufur í borgarlandi.
- Hvar má ég vera?
- Hvernig sæki ég um?
- Hvernig leyfi þarf ég?

## Hvar er hægt að vera með fargufu?

Sumir geta nýtt eigin lóð, en einnig er heimilt að sækja um leyfi til að nýta borgarland Reykjavíkur. Allt svæði utan einkalóða telst til borgarlands. Græn svæði, strendur, stéttir, garðar, torg og götur til dæmis.

Stæði við sjó sem standa til boða eru við Ægisíðu og Eiðsvík.

Aðrar staðsetningar í borgarlandinu eru metnar í hverju tilviki fyrir sig.

# Fargufur í borgarlandi

- Tvær staðsetningar í boði, Ægissíða og Eiðsvík.
- Aðrar staðsetningar metnar hver fyrir sig.
- Heimilaðar staðsetningar tengjast sjósundi og örverufræðilegum gæðum sjávar.
- Upplýsingar um afnotaleyfi
- Upplýsingar um starfsleyfi og hvernig sótt erum um það hjá HER og hvað þarf að uppfylla.
- Fargufur falla undir reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.
- Von er á reglugerðabreytingu.

## Afnotaleyfi

Fyrsta skrefið er að sækja um afnotaleyfi fyrir fargufu á borgarlandi. Sótt er um afnotaleyfi fyrir þeirri staðsetningu sem óskað er eftir. Afnotaleyfið fyrir fargufur kallast „Afnotaleyfisumsókn – gámar, ýmis aðstöðuskögun, kvikmyndatökur." Athugið að einu staðsetningar við sjó sem teknar verða til greina eru við Ægisíðu og Eiðsvík.

**Fylgiskjöl með umsókn**

- Teikning og ljósmynd af fargufunni. Teikningin þarf að sýna öll mál, fjölda sæta og útganga.

Umsókn um afnotaleyfi

## Starfsleyfi

Þegar afnotaleyfi liggur fyrir þarf að sækja um starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirlitinu. Athugið að til þess að fá starfsleyfi þarf að uppfylla uppfylla ákvæði 9. og 10. greinar reglugerðar nr. 814/2010 um sund og baðstaði.

Umsókn um starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur


TAKK FYRIR
FARGUFA
GUFUNES
STRÖND

# Fargufur á borgarlandi

Viltu bjóða borgarbúum að slaka á í fargufu? Fargufa er færanleg gufa þar sem gestir hafa aðgang að slökun og vellíðan. Þau sem vilja vera með fargufu á borgarlandi þurfa að sækja um afnotaleyfi og starfsleyfi.

## Hvar er hægt að vera með fargufu?

Sumir geta nýtt eigin lóð, en einnig er heimilt að sækja um leyfi til að nýta borgarland Reykjavíkur. Allt svæði utan einkalóða telst til borgarlands. Græn svæði, strendur, stéttir, garðar, torg og götur til dæmis.

Stæði við sjó sem standa til boða eru við Ægisíðu og Eiðsvík.

Aðrar staðsetningar í borgarlandinu eru metnar í hverju tilviki fyrir sig.



## 1. Afnotaleyfi

Fyrsta skrefið er að sækja um afnotaleyfi fyrir fargufu á borgarlandi. Sótt er um afnotaleyfi fyrir þeirri staðsetningu sem óskað er eftir. Afnotaleyfið fyrir fargufur kallast „Afnotaleyfisumsókn – gámar, ýmis aðstöðuskjöpun, kvikmyndatökur." Athugið að einu staðsetningar við sjó sem teknar verða til greina eru við Ægisíðu og Eiðsvík.

**Fylgiskjöl með umsókn**

- Teikning og ljósmynd af fargufunni. Teikningin þarf að sýna öll mál, fjölda sæta og útganga.

Umsókn um afnotaleyfi

## 2. Starfsleyfi

Þegar afnotaleyfi liggur fyrir þarf að sækja um starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirlitinu. Athugið að til þess að fá starfsleyfi þarf að uppfylla uppfylla ákvæði 9. og 10. greinar reglugerðar nr. 814/2010 um sund og baðstaði.

Umsókn um starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur

## Fargufur við sjó

Þegar ákvörðuð er heimil staðsetning fyrir fargufur við sjó þarf að horfa til þess að örverufræðileg gæði strandsjávar séu eins góð og unnt er. Því er nauðsynlegt að setja upp slíka aðstöðu í hæfilegri fjarlægð frá fráveitumannvirkjum sem geta verið uppspretta mengunar. Eins þarf að horfa til aðstæðna í sjónum, svo sem hvort straumar og dýpi geta skapað hættu.

Þær staðsetningar sem eru í boði taka mið af þessum þátt og hafa mælingar sýnt að gæði strandsjávar séu almennt góð á þessum svæðum og ógn við öryggi sé lítil. Hafa þarf í huga að verði bilun í fráveitumannvirkjum geta tímabundið skapast aðstæður þar sem ekki er öruggt að fara í sjóinn.

## Reglugerð

Fargufur falla undir **Reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.**